

ORKUSTOFNUN	
Skjalasafn	
Dags. mótt	04.05.2009
Málsnúmer	2009010047
Skjalalykill	22.12
Verknúmer	3340300
Fskj./aths.	
Abm.	VS
Aðrir	768
Trún.	10
Afrit til	

Orkustofnun
Bryndís G. Róbertsdóttir,
land- og jarðfræðingur
Grensásvegi 9
108 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 29. apríl 2009
Tilvísun: UST20090400116/bs

Framlenging á leyfi til efnistöku af hafsbotni í Kollafirði, við Lundey og Viðeyjarflak. Umsögn

Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 28. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda efnistöku.

Óskað er framlengingar á leyfi dags. 12. febrúar 2009 þar sem ráðgert var að taka samtals allt að 160.000 m³ af efni úr umræddum námum frá dags. leyfis til 1. maí 2009. Til þessa hafa einungis 13.000 m³ verið teknir úr Viðeyjarflaki, en ekkert úr námunni við Lundey. Umhverfisstofnun hefur með bréfi dags. 22. janúar sl gefið umsögn um fyrrnefnt bráðabirgðaleyfi dags. 12. febrúar sl. Hér er einungis um að ræða framlengingu á því leyfi, þar sem ekki hefur verið tekinn nema lítill hluti þess efnis sem ráðgert var að taka. Umhverfisstofnun gerir því ekki athugasemdir við framlengingu á bráðabirgðaleyfi til efnistöku úr fyrrnefndum námum í Kollafirði.

Mikill munur er á námum í Kollafirði með hliðsjón af því magni nýtanlegs efnis sem eftir er í námunum, vegna hættu á strandrofi samfara óbreyttri efnistöku og stöðu rannsókna eins og fram kemur í álitni Skipulagsstofnunar dags. 20. nóvember 2008.

Með hliðsjón af þeim mun sem er á milli einstakra náma í Kollafirði telur Umhverfisstofnun að leyfisveitandi ætti að taka afstöðu til hvernar námu fyrir sig þannig að nýtingarleyfi næði til einstakra náma í stað stærri svæða eins og Kollafjarðar, sem væri í samræmi við það sem tíðkast við efnistöku á landi.

Stofnunin ítrekar fyrri athugasemdir um nauðsyn þess að tímanlega verði fjallað um hvernig viðskilnaður á efnistökusvæðum í Kollafirði gagnist best dýralífi og aðliggjandi strandsvæðum.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri